

Þriðjudaginn 3. október 1978.

Nr. 187/1976. **Íshús Hafnarfjarðar h/f**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Magnúsi Magnússyni og gagnsök

(Sigurður Helgason hrl.).

Leigusamningar um skip. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. október 1976. Krefst hann þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 558.511 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. október 1976. Hann krefst sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda gegn skuldajöfnuði á gagnkröfum að fjárhæð 589.215 krónur og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ekki er ágreiningur um aðild Magnúsar Magnússonar að máli þessu.

Endanleg fjárhæð dómkröfu aðaláfrýjanda í héraði á hendur gagnáfrýjanda var 771.102 krónur, og sætir sú fjárhæð ekki andmælum af hálfu gagnáfrýjanda. Ágreiningur er hins vegar um kröfur gagnáfrýjanda, sem í héraði námu 812.026 krónum. Verður nú vikið að einstökum liðum þeirra.

1. Vangoldið framlag í Stofnfjár sjóð fiskiskipa.

Af hálfu aðaláfrýjanda hafa verið lagðir fram í málinu rekstrarreikningar m/b Mímis 1. mars til 31. desember 1969 og 1. febrúar til 31. desember 1970. Samkvæmt reikningum

Þessum er framlag í Stofnfjársjóð árið 1969 talið vera 379.100 krónur, en 800.307 krónur árið 1970, eða 1.179.407 krónur alls. Aðaláfrýjandi hefur greitt 986.165 krónur upp í fjárhæð þessa og telur það fullnaðargreiðslu. Mismunur er 193.242 krónur, sem gagnáfrýjandi telur vangreiddar. Framangreindir rekstrarreikningar m/b Mímis eru gerðir af aðaláfrýjanda. Verður því að leggja þá til grundvallar í skiptum aðilja. Upphæð stofnfjársjóðsframlagsins er ekki vefengd miðað við aflaverðmæti það, sem hún er byggð á. Verður þessi liður gagnkröfunnar því tekinn til greina.

2. Vextir af vangoldnu framlagi í Stofnfjársjóð.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að gagnáfrýjandi eigi rétt til vaxta af hinu vangreidda framlagi, eins og krafist er. Er ekki ágreiningur um, að sú fjárhæð sé 17.114 krónur miðað við, að vangreitt framlag nemi þeirri upphæð, sem í 1. tl. greinir.

3. Akkeri og keðjur.

Aðaláfrýjandi samþykkir þennan lið gagnkröfunnar, 82.211 krónur.

4. Greiðsla gagnáfrýjanda vegna „annarra sjóttjóna á leigutímabilinu“.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdomendum, að þessi liður gagnkröfunnar sé hæfilega metinn á 60.000 krónur.

5. Ofreiknaður viðhaldskostnaður.

Aðiljar samþykkja niðurstöðu héraðsdóms um þennan lið, 36.620 krónur.

6. Vangoldin leiga.

Samkvæmt leigusamningi aðilja um m/b Mimi 18. janúar 1969 hófst leigutíminn þann dag. Vegna verkfalls, er stóð frá þeim degi til 18. febrúar, ber við það að miða, að leigutíminn hafi ekki hafist fyrr en eftir að því lauk, eða 19. febrúar.

ar. Samkvæmt samningnum rann leigutíminn út 31. desember 1969. Engin gögn eru í máli þessu, er sýni, að gagnáfrýjandi hafi neitað að taka við bátinum í lok leigutímans eða hreyft athugasemdum um, að báturinn væri ekki í því ástandi, sem vera bar eftir samningnum. Aðiljar gerðu síðan nýjan leigusamning um bátinn 16. mars 1970, og er þar skýrt tekið fram, að leigutíminn hefjist 7. febrúar það ár og sé til 31. desember 1970. Byggja verður á því, að báturinn hafi þá verið afhentur gagnáfrýjanda. Ekki nýtur við neinna gagna um, að leigutíminn hafi ekki hafist fyrr en 1. mars hvort ár, eins og aðaláfrýjandi telur. Leigutíminn telst því vera 10 mánuðir og 10 dagar árið 1969 og 10 mánuðir og 22 dagar árið 1970, eða 21 mánuður og 2 dagar. Er leiga þá vangoldin fyrir 1 mánuð og 2 daga, 106.667 krónur.

7. Vangoldin hlutdeild í viðhaldskostnaði.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að hlutdeild leigutaka í viðhaldskostnaði skuli greiddast fyrir sama tímabil og leigan. Verður þessi liður gagnkröfunnar þá tekinn til greina með 16.000 krónum.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, nema kröfuliðir gagnáfrýjanda til frádráttar kröfu aðaláfrýjanda alls 511.854 krónum ($193.242 + 17.114 + 82.211 + 60.000 + 36.620 + 106.667 + 16.000$). Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda mismuninn, 259.248 krónur með vöxtum eins og krafist er.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði, sem ákveðst 75.000 krónur, en málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, Magnús Magnússon, greiði aðaláfrýjanda, Íshúsi Hafnarfjarðar h/f, 259.248 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxt-

um frá þeim degi til greiðsludags og 75.000 krónur í málskostnað í héraði.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 6. ágúst 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. f. m., hefur Íshús Hafnarfjarðar h/f, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 28. ágúst 1974, á hendur Magnúsi Magnússyni, útgerðarmanni og skipstjóra, Langeyrarvegi 15, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 771.102 með 8% ársvöxtum frá 1. jan. 1971 til 16. maí 1973, en 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 14% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að með leigusamningi, dagsettum 18. janúar 1969, leigði stefndi, Magnús Magnússon, stefnanda, Íshúsi Hafnarfjarðar h/f, bát sinn, v/b Mími, ÍS 30. Um leigutíma segir í samningnum: „Leigutíminn er frá og með 18. janúar 1969 til og með 31. desember 1969. Eigi skal þó leigusali greiða leigu fyrir þann tíma, sem ekki er hægt að gera bátinn út sökum verkfalla og verkbanna, eða vegna bilana, sem standa 7 daga eða lengur“. Um ástand og búnað bátsins er svofellt ákvæði: „Báturinn leigist í haffæru ástandi (með haffærisskírteini) og að öðru leyti í því ástandi, sem hann nú er í og leigutaki hefur kynnt sér og sætt sig við. Öll áhöld og tæki, uppstillingar í lest og á þilfari og annað, sem bátnum fylgir, að undanskildum veiðarfærum, fylgja með í leigunni.“

Leigufjárhæð skyldi vera kr. 100.000 á mánuði. Í Stofnfjár-sjóð fiskiskipa hjá Fiskveiðasjóði Íslands skyldi leigutaki greiða 10% aflaverðmætis, er kemur þannig í hlut leigusala. Leigutaki skyldi greiða kr. 15.000 á mánuði í viðhaldskostnað á bátnum, en leigusali viðhald umfram þá fjárhæð. Síðan segir: „Verði viðhaldskostnaður bátsins á leigutímanum minni en kr. 15.000.00 að meðaltali á mánuði, þá greiðir leigutaki til leigusala þann mismun í peningum við lok leigutímans. Skal viðhaldskostnaður

þá sérstaklega gerður upp samkvæmt reikningum yfir það viðhald, sem kann að verða á bátnum á leigutímanum. Þegar rætt er um viðhaldskostnað skv. þessum lið, er ekki átt við viðgerð á þeim tjónum, sem báturinn kann að verða fyrir á leigutímanum og bætt verða af váttryggingu bátsins eða öðrum aðilum.“

Loks segir í samningnum:

„Leigutaki tekur við bátnum frá og með deginum í dag að telja og kostar útgerð hans á meðan á leigutímanum stendur, með þeim undantekningum, sem leiða kunna af samningi þessum, og nýtur jafnframt arðs af bátnum á leigutímanum. Báturinn skilist í eigi lakara ástandi en hann nú er í.“

Aðiljar endurnýjuðu þennan leigusamning óbreyttan um þau atriði, er að framan greinir, með samningi, dagsettum 16. mars 1970, og skyldi hinn nýi leigusamningur gilda fyrir tímabilið frá 7. febrúar 1970 til 31. des. s. á.

Eftir að síðara leigutímabilinu lauk, hugðust aðiljar gera endanlega upp viðskipti sín vegna bátsleigunnar fyrir bæði leigutímabilin. Kom þá upp ágreiningur um uppgjör, og er sá ágreiningur hér til úrlausnar.

Dómkrafa stefnanda, leigutaka, er byggð á yfirlitsreikningum, sem hann hefur lagt fram. Samkvæmt yfirlitinu skuldar leigusali, stefndi, leigutaka, stefnanda, stefnufjárhæðina, kr. 771.102, við lok síðara leigutímabilsins. Stefndi samþykkir þetta uppgjör svo langt sem það nær, en telur sig eiga gagnkröfur, sem ekki séu teknar með í uppgjörinu, er nemi kr. 812.026. Sundurliðar stefndi þessar gagnkröfur þannig:

1. Vangoldið í Stofnfjár sjóð	kr. 193.242
2. Vextir af vangreiddu stofnfjár sjóðsframlagi frá 1. jan. 1970 — 1. febr. 1971	— 17.114
3. Akkeri og keðjur, er vantaði, er bátnum var skilað —	82.211
4. Greitt af leigusala vegna annarra sjótjóna á leigutímabilinu	— 112.619
5. Ofreiknaður viðhaldskostnaður	— 46.840
6. Vangoldin leiga í 3 mán.	— 300.000
7. Vangoldin hlutdeild í viðhaldskostnaði í 3 mán. ..	— 60.000

Samtals kr. 812.026

Þessar gagnkröfur hefur stefndi uppi til skuldajafnaðar við dómkröfu stefnanda og gerir fyrirvara um að krefja í sérstöku máli það, sem umfram er.

Þar sem allur ágreiningurinn í málinu snýst um þessa gagn-kröfuliði, skal hér fjallað um þá hvern fyrir sig:

Um 1. Vangoldið framlag í Stofnfjár-sjóð fiskiskipa.

Ágreiningslaust er, að leigutaka bar að greiða framlag af aflaverðmæti bátsins í fyrningarsjóð til greiðslu á stofnlánunum þeim, er á bátunum hvíldu hjá Fiskveiðasjóði, sbr. áður tilvitnað ákvæði í leigusamningi og lög nr. 58/1968 um Stofnfjár-sjóð fiskiskipa. Einnig er ágreiningslaust, að stefnandi greiddi í raun kr. 917.661 í Stofnfjár-sjóðinn og til stefnda vegna hans kr. 68.504, eða samtals kr. 986.165. Þá er því ekki mótmælt, að stefndi geti krafist um það, sem vangoldið kynni að vera.

Stefnandi telur, að framlagið hefði átt að nema ofangreindri fjárhæð, kr. 986.165.88, og sé því að fullu greitt. Er sú tala byggð á skýrslum, er stefnandi telur sig hafa sent til Fiskifélags Íslands, og hefur stefnandi lagt þar um svofellda sundurliðun:

„Stofnfjár-sjóður m/b Mímis ÍS-30

samkvæmt skýrslum til Fiskifélags Íslands árin 1969 og 1970

Ár: Gjald til Stofnfjár-sjóðs:

1969	Íshús Hafnarfjarðar h.f. . .	kr. 419.774,22	
1970	Íshús Hafnarfjarðar h.f. . .	— 526.615,70	
	Þorbjörn h.f.	— 635,46	
	Hallgrímur Björnsson	— 4.138,10	
	Bæjarútgerð Hafnarfjarðar —	2.314,00	
	Venus h.f.	— 21.049,00	
	Hvalur h.f.	— 6.477,00	
	Óseyri h.f.	— 5.162,40	kr. 986.165,88

Greitt Stofnfjár-sjóði samkv. yfirliti Stofnfjár-sjóðs:

1969	Íshús Hafnarfjarðar h.f. . .	kr. 379.100,00	
1970	Íshús Hafnarfjarðar h.f. . .	— 498.600,00	
	Aðrir fiskkaupendur	— 39.961,00	kr. 917.661,00

Mism. skuld Íshúss Hfj. við m/b Mími kr. 68.504,88.“

Stefndi vill á hinn bóginn byggja á uppgjöri fyrir útgerð skipsins, sem stefnandi lagði fram, áður en hann lagði fram framan-greinda sundurliðun.

Í nefndu uppgjöri er fært til gjalda á rekstrarreikningi fyrir árið 1969 kr. 379.100 í Stofnfjársljóð, en fyrir árið 1970 kr. 800.307, eða samtals kr. 1.279.407 (sic) fyrir allt leigutímabilið.

Stefnandi hefur enga skýringu gefið á ofangreindum mismun aðra en þá, að rekstrarreikningarnir séu rangir og að þessu leyti byggðir á röngum grundvelli og þeir hafi hvað snertir framlagið í Stofnfjársljóð aðeins verið bráðabirgðayfirlit til eigin nota fyrir stefnanda.

Undir rekstri málsins hefur verið lagt fram svofellt vottorð fra Fiskifélagi Íslands:

„Mímir ÍS 30

Aflamagn	Aflaverðm.	Stofnfj.sj.		Hlutf. í útg.-		Aflaverðm. samt. kr.
		10%	20%	kostn. 11%		
1969 617.9 lestir	3.645.438	300.972	127.140	619.726		4.693.276
1970 654.6 —	4.681.872	346.779	242.814	515.004		5.786.469.“

Vottorðið er dagsett 31. ágúst 1972 og áritað um, að það sé samkvæmt bókum Fiskifélags Íslands. Heildarfjárhæð, sem greiða bar í Stofnfjársljóð skv. þeim skýrslum, er Fiskifélagið fékk og byggir vottorð sitt á, var því skv. ofangreindum útreikningi Fiskifélagsins samtals kr. 1.017.705. Hið mismunandi hlutfall, að hluta til 10% og að hluta til 20%, mun byggjast á ákvæðum 2. gr. laga nr. 79/1968 um, að af síld og humri beri að greiða 20%, en af öðrum fiski 10%.

Með tilliti til þeirrar ósamkvæmni, sem er í uppgjörum stefnanda, þykir eiga að leggja hið opinbera gagn, vottorð Fiskifélags Íslands, til grundvallar. Er þá eigi þörf á að leysa úr því, hvort túlka beri ákvæði leigusamnings svo, að leigutaki hafi með honum samið sig undan að greiða hluta af lögmæltu framlagi í Stofnfjársljóð, þ. e. af humarafla

Verður því gagnkrafa stefnda vegna þessa liðs tekin til greina með kr. 31.540.

Um 2. Vextir af vangoldnu framlagi til Stofnfjársljóðs fiskiskipa frá 1. janúar 1970 til 1. febrúar 1971.

Með kaupsamningi, dags. 13. nóv. 1970, seldi stefndi þriðja manni skipið, og virðist afhending og uppgjör milli kaupanda og seljanda hafa farið fram 1. febrúar 1971.

Stefndi miðar vaxtakröfur sínar við 6½% ársvexti.

Með vísan til 4. gr. laga nr. 58/1968 verður þessi gagnkröfu-liður tekinn til greina með kr. 2.220.

Um 3. Akkeri og keðja, er stefndi telur hafa vantað, er bátnum var skilað.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð frá Siglingamálastofnun ríkisins, þ. e. útdrættir úr yfirlitsbók fyrir umræddan bát. Í útdrættinum segir um skoðanir árin 1968—1971:

„Reykjavík

23.10.68

Búnaðar- og vélskoðun hefur farið fram á skipinu, ýmislegt þurfti að lagfæra og útvega, var það gert strax.

Bolskoðun fór fram í júní í sumar.

Sigurður Þórarinnsson, Kári S. Kristjánsson

Skipaskoðun ríkisins, Reykjavík (stimpill).

Reykjavík

12.8.69

Búnaðarskoðun hefur farið fram á skipinu samkv. lögum þar um, búnaði var að nokkru ábótavant, það nauðsynlegasta var gert nú, að beiðni skipstj. var veittur frestur með nokkur atriði, þó ekki lengur en 3 mánuði.

Sigurður Þórarinnsson.

Skipaskoðun ríkisins, Reykjavík (stimpill).

Bolskoðun fór fram 29.7.69 í slipp í Hafnarfirði.

Sigurður Þórarinnsson, Kári S. Kristjánsson

Skipaskoðun ríkisins, Reykjavík (stimpill).

Hafnarfirði

15.1.1971

Búnaðarskoðun hefur farið fram á skipinu, sem skoðað var sem fiskiskip. Á búnaði vantar 1 akkeri sömu þyngdar og það sem fyrir er, (hleypi) 5 liði í keðju 22 mm, stór segl, með þetta er veittur frestur, að beiðni útgerðarmanns, þó ekki lengur en 3 mánuði.

Bolskoðun fór fram í jan. 1971.

Vélskoðun er lokið, var í lagi.

Sigurður Þórarinnsson, Kári S. Kristjánsson

Siglingamálastofnun ríkisins (stimpill).“

Lögð hefur verið fram í málinu óundirrituð skýrsla um sjótjón hinn 10. okt. 1970 á Mími, ÍS 30:

„Þegar við vorum á togveiðum á Selvogsbanka, fengum við vinnu í skrufuna og létum þá akkeri falla á meðan við vorum að losa vinnu úr skrufunni.

Þegar að því kom að hífa upp akkerið, eftir að vinnu hafði

verið hífður úr skráfunni, var akkerið fast í botni og náðist ekki, svo að það varð eftir ásamt 3 liðum af keðju.“

Viðurkennt er, að skýrslan er með rithönd Ágústs Flygenring, framkvæmdastjóra stefnanda. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að framkvæmdastjórinn hafi samið skýrsluna að fyrirsögn stefnda, Magnúsar Magnússonar. Magnús hafi tekið með sér skýrsluna, er framkvæmdastjórinn hafði ritað hana, og átt að fá Baldur Karlsson, sem var skipstjóri á bátnum á þessum tíma, til að undirrita hana. Síðan greinir aðilja á, stefnandi heldur því fram, að Magnús hafi sagt sér, að Baldur hafi ekki kannast við atburðinn og ekki viljað undirrita skýrsluna, en stefndi heldur því fram, að Magnús hafi ekki náð í skipstjóran, Baldur. Aðiljum tókst ekki að fá nefndan skipstjóra fyrir dóminn.

Með framangreindu vottorði Siglingamálastofnunarinnar eru leiddar að því líkur, að við búnaðarskoðun hinn 23. okt. 1968 og 12. ágúst 1969 hafi ekki vantað á skipið svo mikilvægan þátt í ör-yggisbúnaði sem akkeri er, enda er sérstaklega tekið fram við búnaðarskoðun 15. jan. 1971, að akkerið vanti. Þykir þetta valda því, að leggja verði sönnunarbyrði af því, að akkeri hafi vantað við upphaf fyrra leigutímabils, á stefnanda. Það athugast, að frá því síðara leigutímabili lauk og þar til skoðun fór fram hinn 15. jan. 1971, var skipið ekki gert út, heldur var það til viðgerðar.

Samkvæmt framansögðu ber að taka þennan gagnkröfulið til greina að fullu með kr. 82.211, enda hefur honum ekki verið mótmælt tölulega.

Um 4. Greitt af leigusala vegna annarra sjóttjóna á leigutímabilinu.

Þessi gagnkröfuliður er skýrður svo í greinargerð stefnda:

„Í okt. 1970 varð skipið fyrir sjóttjóni og þurfti að fara í slipp af þeim ástæðum. Leigutaki skilaði engum skýrslum vegna sjóttjónsins og greiddi ekki heldur reikninga vegna viðgerðar á skipinu. Umbj. m. varð því að leysa til sín alla reikninga vegna viðgerðarinnar, en tjónið hefur ekki fengist greitt úr tryggingum, þar sem útgerð skipsins, þ. e. leigutaki, hefur ekki skilað neinum skýrslum um tjónið né látið fara fram sjópróf. Umbj. m. telur, að leigutaki sé ábyrgur fyrir öllum greiðslum vegna sjóttjónsins, enda beint tekið fram í leigusamningi aðila, að leigusali taki ekki þátt í greiðslum, sem eiga að fást greiddar af tryggingum. Umbj. m. telur, að leigutaki sé ábyrgur fyrir öllum greiðslum vegna

sjótjónsins, þar sem hann hefur öll umráð skipsins á þessum tíma. Fjárhæð sú, er krafist er greiðslu á skv. þessum lið, er reikningar, sem umbj. m. hefur þurft að greiða vegna sjótjónsins, sbr. rskj. 10, tl. 6, og nema samtals kr. 112.619.00, sjá ennfreður sundurliðun skv. rskj. nr. 16.“

Nánari sundurliðun stefnda er á þessa leið, og er í sundurliðuninni vísað til framlagðra fylgiskjala:

„Reikn.

nr. 3459 1. Tl. 1. Kr. 46.113.00

2. — — vörur skv.

nótu 7666 kr. 810.00

— 4644 — 6.00

— 7668 — 650.00

— 4593 — 400.00 — 1.920.00

3. — — vélavinna — 525.00

4. — — akstur — 1.920.00

5. — — slippgjöld — 20.570.00

6. — — söluskattur — 2.263.00 kr. 73.315

Reikn. Dröfn h.f.

nr. 3469 Kr. 9.860.00

Reikn. Vélsm. Klettur h.f.

Vinna skv. vinnul. 202 að

frádr. efstu 5 liðum kr.

13.947.50 kr. 10.080.00

Skv. vinnul.

190 kr. 2.778.- + 595.- — 3.373.00

Skv. vinnul.

189 kr. 15.379.- + 612.- — 15.991.00 — 29.444.00

Kr. 112.619.00“

Kristján Kristjánsson, til heimilis að Borgarholti, Biskupstungum, var skipstjóri á bátnum frá upphafi fyrra leigutímabilsins til ársloka 1969. Lögð var fram í málinu sem dskj. nr. 38 skýrsla hans um sjótjón af völdum þess, að skipið fékk á sig brotsjó hinn 23. sept. 1969, er orsakaði sprungu við stoðir í skammdéksbrún og leka í lest af þeim sökum. Við yfirheyrslu yfir skipstjóranum var m. a. bókað:

„Hann er spurður um sjótjón á bátnum. Hann segir, að á vetrar-

vertið 1969 hafi hann fengið færi í skráfuna. Goðinn hafi verið fenginn til aðstoðar og maður frá honum losað úr skráfunni. Á sumarvertið hafi þeir fengið trolldræsu í skráfuna og keyrt inn til Grindavíkur, þar sem hún hafi verið losuð úr. Hann segist hafa sent Íshúsi Hafnarfjarðar skýrslu um bæði þessi sjóttjón. Í febrúar hafi komið fram bilun í stýri skipsins og verið gert við hana í Vélsmiðju Hafnarfjarðar. Viðgerðin hafi tekið tvo daga.

Lögmaður stefnda leggur nú fram nr. 38 og 39 skýrslur um sjóttjón.

Mætti kannast við að hafa samið og undirritað dskj. nr. 33. Aðspurður segir mætti, að hann hafi haldið dagbók. Þessi atriði hafa verið færð þar inn. Mætti segist ekki hafa orðið var við neinar skemmdir á skráfubúnaði vegna þessara atvika. Hann segir, að meðan hann var með bátinn, hafi ekki farið fram öxuldráttur eða viðgerð á skráfubúnaði. Báturinn hafi verið í slipp hjá Dröfn hluta af júlímánuði 1969, meðan áhöfnin tók sér sumarfri. Hann segist ekki hafa verið viðstaddur, meðan sú viðgerð fór fram.

Mætti segir, aðspurður, að hann telji, að bæði atvikin, þegar hann fékk færið í skráfuna og þegar hann fékk trolldræsuna í skráfuna, hafi getað eyðilagt parkdósir á skráfuöxli.

Dskj. nr. 39, sem að ofan er getið, er skýrsla stefnda, Magnúsar Magnússonar, en hann var skipstjóri á bátnum frá 7. febr. 1970 til 8. maí s. á., og hljóðar hún svo:

„Föstudagur 24. apríl 1970.

Farið frá Grindavík um kl. 17.00. Gott veður, en dálítill sv. sjór.

Þegar skipið var rétt að komast út úr innsiglingarrenninni, og beygt hafði verið til bakborða, tók skipið niðri og festist.

Skipið stóð þarna í um eina klukkustund, en þá bar að vélbátinn Vörð frá Grenivík, og dró hann bátinn á flot.

Það skal tekið fram, að M.S. Vörður mun ekki fara fram á nein björgunarlaun fyrir aðstoðina, þar sem að M.S. Mímir hafði dregið M.S. Vörð í líku tilefni, og var sætst á, að þetta kvittaði þá aðstoð.

Kafað var við skipið í Grindavík að kveldi 24. apríl, og kom fram dæld í plötu undir lúkar.“

Loks hefur verið lögð fram í málinu yfirlýsing Sigfúsar Tómassonar, sem lögskráður var sem 1. vélstjóri á bátnum frá upphafi fyrra leigutímabils til 16. sept. 1970. Í yfirlýsingunni, sem er dskj. nr. 36, segir m. a.:

„Á vetrarvertíð 1969, í mars eða apríl, fékk skipið færi í skrúfunu undan Krísuvíkurbergi, er við vorum að leggja netin. Þar sem ekki var hægt að hreyfa skrúfu skipsins, var björgunarskipið Goði fengið til að aðstoða okkur, og tók sú aðstoð á aðra klukkustund.

Í annað sinn, á sumarvertíð, líklega í júlí 1969, fékk skipið trolldræsu í skrúfunu, er við vorum staddir undan Krísuvíkurbergi, og tókst þá að keyra til Grindavíkur, þar sem Viðar Hjaltason, vélsmiður í Grindavík, aðstoðaði við að ná úr skrúfunni.“

Þegar Sigfús vélstjóri kom fyrir dóm var bókað:

„Dskj. nr. 36 er lesið í réttinum, og mætti segir, að þar sé rétt frá greint, en tekur þó fram, að hann sé ekki viss um, að það hafi verið Viðar Hjaltason, sem skar úr skrúfunni, það geti verið, að það hafi verið kafari úr Keflavík. Hann tekur fram, að hann hafi verið vélstjóri, ekki aðeins árið 1969, heldur einnig árið 1970, alveg þangað til Magnús seldi bátinn haustið 1970.

Hann segir, að hann hafi ekki orðið var við neina breytingu á skrúfubúnaðinum eftir þessi tvö atvik, engan leka á öxli eða olíuleka. Hann tekur fram, að hann hafi skv. fyrirmælum olíufélags verið með þykka feiti á skrúfubúnaðinum. Hann kannast við nafnritun sína á dskj. nr. 36. Hann segist muna greinilega eftir þessum atvikum báðum, sérstaklega því fyrra, því reikningurinn hafi verið það hár, að deilum hafi valdið. Eftir seinna skiptinu muni hann líka greinilega, því þetta hafi verið það mikið, að vélin stoppaði. Það hafi hún ekki gert í fyrra sinnið.

Hann segist hafa verið viðstaddur, er báturinn var tekinn í slipp sumarið 1969 til að gera við vél, og einnig vorið 1970 til málningar. Í hvorugt skiptið hafi þéttihringur á skrúfuöxli verið sérstaklega athugaður. Hann segist ekki hafa orðið var við olíusmit eða neitt óeðlilegt í hvorugt skiptið. Hann tekur fram, að nælondræsur geti komist inn í fóðringar og valdið auknu sliti, án þess að gúmmihringur eyðileggist og olíuleki komi fram.

Mætti segist hafa farið af bátnum, þegar leigutímabilinu lauk hjá íshúsinu. Hann segist ekki hafa orðið var við, að báturinn fengi vír í skrúfunu eða tapaði akkeri eða keðju, meðan hann var á bátnum. Hann tekur fram, að hann hafi verið í fríi þrjár vikur, sem báturinn réri frá Þorlákshöfn í byrjun september 1970, þ. e. frá 5. til 10. september 1970 og þrjár vikur á eftir.

Eftir þetta segist hann hafa verið á bátnum a. m. k. á annan mánuð og ekkert hafa heyrt um, að vír hafi farið í skrúfunu eða

akkeri tapast eða séð nein merki um það. Hann man ekkert um það, hvort eitt eða fleiri akkeri voru á bátnum. Hann tekur fram, að hann muni ekki til þess, að akkeri hafi nokkurn tíma verið látið falla meðan hann var á bátnum.“

Lögð hafa verið fram í málinu, að frumkvæði dómenda, ljósrit af öllum frumgögnum Skipaskoðunar ríkisins um skoðanir á nefndu skipi á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Þar kemur fram, að hinn 28. júní 1968 kom skipið í slipp eftir strand. Var það þá öxuldregið og skipt um skrófuás og fóðringar.

Er aðalskoðun fór fram hinn 28. maí 1970 segir, að ásigkomulag skrófu hafi verið gott. Síðan segir í athugasemdum skoðunarmanns: „Næst þegar báturinn kemur upp, þarf að skoða skrófuás og á næsta ári þarf að framkvæma 2ja ára skoðun á vél og bol skipsins.“

Upplýst er, að samkvæmt reglum Siglingamálastofnunar ríkisins ber á skipi sem þessu að framkvæma öxuldrátt, þ. e. taka skipið í slipp og skoða skrófuás, á tveggja ára fresti.

Af nótum þeim og gögnum um viðgerð á nefndum bát frá Dröfn h/f og Kletti h/f, sem lagðar hafa verið fram í málinu, má ráða, að skipið hafi verið í slipp tímabilið frá 18. des. 1970 til 4. jan. 1971. Það hafi þá verið öxuldregið, skrófan tekin af og farið með hana í vélsmiðjuna Klett, hún rétt og soðið í hana. Einnig að skipt hafi verið um fóðringar og þétti á öxli. Ekki virðist öxlinum sjálfum hafa verið gert neitt til góða.

Með tilliti til þess annars vegar, að öxuldráttur átti að fara fram hvort sem var skv. fyrirmælum Skipaskoðunar ríkisins, og hins vegar að viðgerð á skrófu, fóðringum og þéttingum var umfram venjulegt slit og bendir eindregið til sjótljóns, þykir hæfilegt að taka þennan gagnkröfulið til greina með kr. 60.000.

Um 5. Ofreiknaður viðhaldskostnaður.

Þennan lið skýrir stefndi svo í greinargerð:

„Umbj. m. telur, að leigutaki hafi ofreiknað viðhaldskostnað, er leigusala ber að greiða skv. samningi fyrir árið 1970. Nemur þessi fjárhæð kr. 46.840.00. Er hér um að ræða liði á sundurliðuðum reikningi yfir viðhaldskostnað árið 1970 á rskj. nr. 15, þ. e. hleðsla slökkvitækja kr. 1.255.00, skoðun gúmmibáta kr. 4.785.00, rétting kompáss kr. 3.190.50, netaskífa kr. 4.945.00, en netaskífa fylgdi skipinu, er leigutaki tók við því 1969, svo netapallar kr. 31.675.00 skv. reikn. Drafnar h.f. nr. 246 á rskj. nr. 15. Netapallar

fylgdu skipinu, er leigutaki tók við því í jan. 1969, og voru í fullkomnu lagi. Einn liður sem viðhaldskostnaður á rskj. 20 er bókunarplata kr. 360.00. Samtals nemur þetta kr. 46.840.00. Skorað er á stefnanda að leggja fram reikninga fyrir öllum framangreindum fjárhæðum.“

Dómendur líta svo á, að hleðsla slökkvitækja, skoðun eða viðgerðir gúmmibáta, rétting kompáss svo og bókunarplata tilheyri allt venjulegu viðhaldi. Fram er komið, að stefnandi keypti á árinu 1970 netapalla á kr. 31.675 og netaskífur á kr. 4.945. Telja verður, að þar sé um að ræða útgerðarkostnað, þ. e. hluta af netabúnaði. Af þeim sökum og með því að ekki er vefengt, að netapallar og netaskífur hafi upphaflega fylgt skipinu og því átt að skilast með því, verður þessi gagnkröfuliður tekinn til greina með kr. 36.620.

Um 6. Vangoldin leiga í 3 mánuði.

Þessi gagnkrafa er byggð á því, að leigutaki hafi ekki getað skilað skipinu í samningsbundnu ástandi við lok leigutímabilanna. Í aðiljaskýrslu framkvæmdastjóra stefnanda segir m. a.:

„Þessari kröfu er algerlega vísað á bug á þeim forsendum, að leigusali var stórskuldugur, þegar rekstri var hætt árið 1969, og var þá leigusala kunnugt um, að báturinn væri laus úr rekstri og tiltækur til undirbúnings fyrir næstu vertíð, en honum var ætlað að taka við bátnum eins og hann var, þar eð hann gerði ekki skil á skuld sinni, sem nam miklu hærri upphæð en slíptaka og málun á bátnum nam, en það var það eina, sem leigutaki átti eftir að gera fyrir bátinn.“

Í yfirlýsingu þessari felst viðurkenning á því, að báturinn hafi við lok fyrra leigutímabilsins ekki verið í því ástandi, sem tilgreint er í leigusamningi, en þar segir í 7. gr.: „Báturinn skilist í eigi lakara ástandi en hann nú er í“.

Á þá málsástæðu stefnanda, að skuld stefnda á þessum tíma hafi mátt skuldajafna að fullu við væntanlegan viðgerðarkostnað, verður ekki fallist þegar af þeirri ástæðu, að ekkert er upplýst um, hvaða fjárhæð viðgerðarkostnaður hefði numið né heldur hvort stefnandi gerði stefnda grein fyrir því, hvernig uppgjör stóð og lýsti yfir skuldajöfnuði, þ. e. að hann ætlaðist til, að viðgerðarkostnaður gengi upp í ofgreidda leigu. Einnig er á það að líta varðandi viðurkenningu á skuldajöfnuði, að stefnandi hefur viðurkennt, sbr. þar sem greinir um Stofnfjársljóð hér að framan, að

uppgjör hans hafi verið, a. m. k. að nokkru leyti ófullnægjandi og röng, þ. e. bráðabirgðauppgjör.

Óumdeilt er, að verkfall hafi staðið frá 18. janúar 1969 til 18. febrúar s. á. Ósannað er, að afhending bátsins hafi dregist úr hömlu eftir lok síðara leigutímabilsins.

Samkvæmt þessu á stefndi að greiða leigu fyrir bátinn í 22½ mánuð. Hann hefur þegar greitt leigu fyrir 20 mánuði. Verður því þessi gagnkröfuliður tekinn til greina með kr. 250.000.

Um 7. Vangoldin hlutdeild í viðhaldskostnaði.

Leigusamning verður að skýra á þann veg, að hlutdeild leigutaka í viðhaldskostnaði, kr. 15.000 á mánuði, sé leigutengd greiðsla og eigi að greiðast fyrir sama tímabil og leigan, þ. e. fyrir 22½ mánuð. Stefnandi hefur þegar greitt kr. 300.000. Verður því þessi gagnkröfuliður tekinn til greina með kr. 37.500.

Niðurstaða málsins verður því sem hér segir:

Stefnukrafa kr. 771.102
Gagnkröfur til frádráttar:

1. Stofnfjár sjóðsframlag kr. 31.540
2. Vextir af stofnfjár sjóðsframlagi — 2.220
3. Akkeri og keðja — 82.211
4. Önnur sjótjón — 60.000
5. Ofreiknaður viðhaldskostnaður — 36.620
6. Vangoldin leiga — 250.000
7. Vangoldin hlutdeild í viðhaldskostnaði — 37.500

Kr. 500.091

Mismunur, höfuðstóll dómsskuldar kr. 271.011

Málkostnaður ákveðst kr. 75.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt með dómsmönnunum Ragnari Bjarnasyni skipaefirlitsmanni og Sigurði Emilssyni viðskiptafræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Magnússon, Langeyrarvegi 15, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Íshúsi Hafnarfjarðar h/f, kr. 271.011 með 7% ársvöxtum frá 1. jan. 1971 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 75.000 í málkostnað.

allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. október 1978.

Nr. 239/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Karli Sævari Baldvinssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsmeiðingar. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Tórfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Guðmundur Kristjánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

I.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Eru brot þau, er ákæra 26. október 1976 lýtur að, svo og brot, er greinir í töluliðum I, III og IV í ákæru 10. nóvember 1976, heimfærð til réttra lagaákvæða í héraðsdómi.

Brot þau, sem greinir í ákærulið II í ákæru 10. nóvember 1976, varða við þau refsíákvæði, sem héraðsdómur beitir, að því undanskildu, að akstur ákærða á bifreiðina Ö 3672 hinn 21. júní 1976 varðar eingöngu við 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, en 1. mgr. 37. gr. tæmir sök, eins og hér stendur á.

II.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða. Vegna ákæruatriða þeirra, er greinir í ákæru dags. 26. október 1976 og í I í ákæru dags. 10. nóvember s. á., auk annarra